séra Árni Sigurðsson

36.árg. 26.tbl. föstud. 1.febr.1946

39.



# Jón Pálsson

## fyrrverandi bankaféhirðir.

— MINNINGARORÐ —

Jón Pálsson andaðist 18. þ. m. eftir langa vanheilsu og þunga banalegu. Fer útför hans fram í dag.



starfinu. Meðstjórnandi Sparisjóðs Árnessýslu var hann árin 1892—1902. Jafnframt þessum störfum var hann kirkjuorganisti á Stokkseyri og Eyrarbakka 1887—1902, þar af nokkur ár á báðum stöðum samtímis. Árin 1890—1891 hélt hann úti skrifuðum sveitablöðum í Árnessýslu, og gengu þau milli manna þar eystra, og urðu ýmsir góðir menn til að

kvæmdanefnd Góðtemplarareglunnar, fyrst stórritari 1909—1911 og síðan stórtemplar 1911—1913. Og þegar hann og kona hans, Anna Adólfsdóttir, stofnuðu vorið 1939 myndarlegan sjóð til drykkjumannahælis, sást þar í verki á sjaldgæfan hátt viljinn til að veita drykkjumönnunum þá hjálp, sem bezt mun duga, að forða þeim frá freistingunum meðan þeir eru veikastir fyrir, og lækna síðan hina sjúklegu drykkjufýsn, svo að þjóðfélagið fái aftur heilbrigða og starfhæfa menn í stað ónýtra volaðra vesalinga.

Jón Pálsson var einn hinn mesti barnavinur og einlægasti, sem eg hefi þekkt. Ber mannúðarstörf hans á vegum Oddfellow-reglunnar

um allt er að kirkjusöng lýtur. Gróf hann upp og varðveitti frá gleymsku góð og gömul sálmalög, innlend og útlend. Mun það ekki til engis að athuga sönglaga söfn hans, þegar ganga skal frá nýrri kirkjusöngbók. Hér í Reykjavík vann hann og að kirkjusöng um fjölda ára, varð næsta ár eftir komu sína hingað organisti við Fríkirkjuna í Reykjavík, og gegndi því starfi til ársins 1916. Organistastarfi við guðþjónustur síra Haralds prófessors Níelssonar gegndi hann til ársins 1926. Gegndi hann þessum störfum sínum með vandvirkni og kostgæfni þess manns, sem telur trúarlega hljómlist hátind allra hljómlistar. Má Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík